

**Sþ. 785. Tillaga til þingsályktunar [197. mál]**

um læknisferju fyrir Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

Fln.: Sigurður Bjarnason.

Alþingi ályktar að heimila ríkisstjórninni að verja allt að 150 þús. kr. til byggingar læknisferju fyrir Súðavíkurlæknishérað í Norður-Ísafjarðarsýslu.

**Greinargerð.**

Mörg undanfarin ár hefur læknir ekki fengizt í tvö læknishéruð í Norður-Ísafjarðarsýslu. Ræðir hér um Öguruhérað og Hesteyrarhérað, en í þessum byggðarlögum eru sjö hreppar héraðsins af níu. Hafa íbúar þeirra því lengstum orðið að sækja læknishjálp til Ísafjarðar.

Nú hefur þessum tveimur læknislausu læknishéruðum verið steipt saman í eitt hérað, Súðavíkurlæknishérað, með læknissetri í Súðavík. Er ætlunin, að læknir þar þjóni öllum sveitum hins víðlenda héraðs. Nær umdæmi Súðavíkurlæknis þannig frá Arnarnesi um allt Djúpið allt norður til Grunnavíkur- og Sléttuhrepps.

Til þess að það fólk, sem þessi byggðarlög byggir, geti notið nokkurs öryggis um lækniþjónustu, er óumflýjanlegt, að til sé traust og góð læknisferja, er jafnan sé tiltæk, er lækni er þörf. En það hefur iðulega komið fyrir undanfarin ár, meðan læknir var sóttur til Ísafjarðar, að erfitt eða ógerlegt var að fá báta til þess að flytja lækni eða sjúklinga eins fljótt og nauðsyn bar til. Ferðir fiskibáta, sem leigðir hafa verið til einstakra sjúkraflutninga og læknisvitjana, hafa einnig oft orðið svo dýrar, að hlutaðeigendur hafa vart risið undir kostnaði við þær.

Því mun varla mótmælt, að til þess er ætlazt, að almenningur í strjálbýli eigi kost læknishjálpar á svipaðan hátt og þeir, sem í þéttbýli húa. Mikið brestur þó á, að svo sé í hinum strjálbýlustu héruðum landsins. Hitt mun sanni nær, að fólk sé þar ofurselt hryggilegu öryggisleysi í þessum efnum.

Tillögu þessari, ef samþykkt verður, er ætlað að koma á nokkrum umbótum í þessum efnum í byggðarlögum, sem lengi hafa átt við stórfellda örðugleika að etja af völdum læknisleysis. Með slíkri læknisferju yrði auðið að tryggja mjög mikið aukið öryggi til handa íbúum eins víðlendasta og strjálbýlasta læknishéraðs landsins. Jafnframt ætti hún að hafa þau áhrif, að kostnaður við læknisvitjanir lækkaði þar verulega.

Flutningsmaður hefur aflað sér upplýsinga um, að kleift muni að fá byggðan á komandi sumri 8 tonna vélbát, hraðskreiðan og traustan, hentugan til sjúkraflutninga, fyrir allt að 150 þús. kr. Er því lagt til, að ríkisstjórninni verði á þessu ári heimilað að verja þeirri upphæð til smíði slíkrar ferju.